

Allskyns upplýsingar um próftíð:

- Skoðið vel próftöflu í INNU.
Athugið að próf hefjast ýmist kl. 9 eða 13 (og eitt kl. 12).
- Stofutöflur birtast á upplýsingaskjáum á prófdegi.
- Ef einhver kemst ekki í próf vegna veikinda þarf að tilkynna það í Innu áður en próf hefist. Ekki er hægt að láta vita eftir á.
Sjúkra-/forfallapróf verða flest 22. og 26. maí.

- Munið að taka ekkert með ykkur inn í prófstofu annað en pennaveski og leyfileg hjálpargögn. Aðeins nauðsynleg ritföng og leyfileg hjálpargögn mega vera á prófborðinu. Pennaveskið á að vera á gólfinu við hliðina á sætinu ykkar meðan þið takið prófið. Óleyfileg hjálpargögn þýða ógilt próf.
- Ekki má hafa nein snjalltæki á sér í prófsæti hvort sem er sími, snjallúr eða önnur tæki, það teljast óleyfileg hjálpargögn.

Hægt er að geyma þau í símakassa á kennaraborðinu. Stillið síma á flugstillingu.

- Yfirhafnir og töskur þarf að geyma annarsstaðar. Hægt er að nýta skápana ef þið hafið aðgang að þeim og fatahengin í anddyrinu.
- Ekki má hafa mat í prófstofu og aðeins drykki í lokuðum umbúðum.

- Lágmarkstími inn í prófi er 30 mínútur.
- Í prófstofu þarf að ríkja alger þögn. Fagkennarar koma um það bil þrisvar í stofuna meðan á prófi stendur og ef nemandi þarf að spyrja kennara þarf að rétta upp hönd. Athugið að kennari getur ekki aðstoðað nemendur við svör eða sagt til um hvort verið er að svara rétt.
- Skólinn verður opinn aukalega helgina 16. – 17. maí frá kl. 10-18 og hægt að nýta

kennslustofurnar til lestrar.

Skilyrðið er að umgengnin sé góð.

Mikilvægt er að skilja ekkert rusl eftir í stofunum.

- Fyrstu einkunnir birtast í INNU 22. maí. INNA er lokað í próftíð.
- Prófsýningar verða 27. maí.
- Verið stundvís, tillitssöm við samnemendur ykkar og fylgið prófareglum og fyrirmælum yfirsetukennara.

- Skráningar í endurtökupróf hefjast um miðjan maí og þeim lýkur 27. maí. Skráningarlekkur verður á ma.is.

- Gangi ykkur sem allra best